



Fundargerð

479. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 12. maí 2022, kl.15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt:

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti (ÁHH)

Ingimar Ingimarsson, varaoddviti (II)

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, aðalamaður (JÖE)

Karl Kristjánsson, aðalmaður (KK)

Embla Dögg B. Jóhannsdóttir, aðalmaður (EDBJ)

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er fimm síður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, þrjú mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 478. Fundur sveitarstjórnar 25. apríl 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 9. maí 2022.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1.2111007 – Endurnýjun Reykhólahafnar, tilboð í niðurrækstur stálþils.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að ganga til samninga við lægstbjóðanda Borgarverk ehf. vegna endurnýjunar Reykhólahafnar. Tilboðsupphæð Borgarverks ehf. er kr. 178.029.500 kr. Samþykkt samhljóða.

2.2 2205003 – Umsagnarbeiðni vegna deiliskipulags fyrir Ólafsdal.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við deiliskipulag fyrir Ólafsdal, samþykkt samhljóða.

2.3 2205005 – Byggingaráform Reykjabraut 6.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2.4 2205007 – Ósk um lóð undir dæluhús.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

3. Mennta og menningarmálanefnd 9. maí 2022.

3.1 Uppsögn skólastjóra Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn þakkar Önnu Björgu Ingadóttur störf hennar í þágu Reykhólaskóla og felur sveitarstjóra að auglýsa starf skólastjóra Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2205008 - Jafnréttisáætlun Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggða 2022 – 2026.

Lögð er fram jafnréttisáætlun fyrir Reykhólahrepp og Strandir.

Sveitarstjórn samþykkir jafnréttisáætlun Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2022 – 2026. Samþykkt samhljóða.

2. 2006039 - Jafnlaunastefna Reykhólahrepps.

Lögð er fram jafnlaunastefna fyrir sveitarfélagið í tengslum við jafnlaunavottun.

Sveitarstjórn samþykkir jafnlaunastefnu sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

3. 2011011 - Yfirtaka Bríetar á Hólatröð 1 og 3.

Lagt er fram að nýju vinnuskjal vegna eigna Reykhólahrepps þar sem fram kemur yfirtökuverð og hlutdeild sveitarfélagsins í Bríeti að yfirtöku lokinni.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir yfirtöku Bríetar á Hólatröð 1 og 3 samkvæmt framlögðum gögnum. Samþykkt samhljóða.

4. 2111007 - Endurnýjun Reykhólahafnar, verksamningur.

Lagður er fram verksamningur vegna á milli Reykhólahrepps og Borgarverks hef. vegna endurbyggingar Reykhólahafnar 2022. Samningsupphæð skv. tilboði er kr. 178.029.500 með vsk.

Sveitarstjórn samþykkir verksamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Samþykkt samhljóða.

5. 2205009 - Fjórðungsþing Vestfirðinga 6. apríl 2022.

Fulltrúar Reykhólahrepps á Fjórðungsþing 6. apríl

Sveitarstjórn samþykkir formlega mætingu ÁHH, JÖE og EDBJ á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

6. 2112002 - Aðgengisfulltrúi Reykhólahrepps.

Lögð er fram tillaga að því að ráðgjafi við Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps verði aðgengisfulltrúi fyrir sveitarfélagið.

Samþykkt samhljóða.

7. 1912010 - Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, samráðsáætlun.

Lögð er fram samráðsáætlun Vegagerðarinnar vegna endurheimtar votlendis, skóglendis, leira, frágangs náma og fornleifa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fram lagða samráðsáætlun. Samþykkt samhljóða.

8. 2205010 - Foreldrajafnrétti, styrkbeiðni.

Erindi frá Foreldrajafnrétti dagsett 25. apríl 2022.

Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðni, að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2205011 - Breiðafjarðarnefnd 201. fundur og gróðurfarsskýrsla.

Fundargerð og skýrsla lögð fram.

2. 2203006 - Fundargerð stjórnar BsVest 9. maí 2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. 2202001 - Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 909. fundur.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

1. 2101003 - Brunavarnaráætlun Slökkviliðs Dala, Reykhóla og Stranda 2022 – 2026.

Lögð er fram brunavarnaráætlun fyrir starfssvæði Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda sem er gerð skv. ákvæðum í lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Áætlunin var unnin af slökkviliðsstjóra og hefur verið yfirfarin af Mannvirkjastofnun.

Sveitarstjórn samþykkir brunavarnaráætlunina og þakkar slökkviliðsstjóra vel unna áætlun. Samþykkt samhljóða.

2. 2205012 - Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, ákvörðun um styrkveitingu.

Lögð er fram ákvörðun Ferðamálastofu um að styrkja verkefnið „Fullhönnun Kúalaugar og útboðsgögn“ um kr. 2.560.000.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samning um styrkveitinguna. Samþykkt samhljóða.

3. 2205014 – Breyting á samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Reykhólahrepps.

ÁHH lagði fram tillögu að breytingu á samþykkt um kjör fulltrúa Reykhólahrepps í stjórnnum, ráðum og nefndum.

4. gr. Grunnlaun sveitarstjórnarfulltrúa breytist svona;

Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 5% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Oddviti fær laun sem nemur 10% af þingfararkaupi.

Verði:

Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 6% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Oddviti fær laun sem nemur 12% af þingfararkaupi.

5. gr. Fundarseta breytist svona;

Fulltrúar í sveitarstjórn fá ekki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn. Varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn fá greitt sem nemur 1% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

Verði:

Fulltrúar í sveitarstjórn fá ekki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn. Varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn fá greitt sem nemur 3% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

Tillögunni vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 16:30

Fundargerð undirrituð með rafrænum hætti.